

Vinnuskjal starfshóps um heildarendurskoðun samþykktar sambandsins

– uppfært miðað við tillögur frá 2019 að viðbættum breytingum starfshóps frá febrúar 2021

Samþykktir sambandsins	Tillögur um breytingar	Athugasemdir
<p>5. gr. Kosning landsþingsfulltrúa</p> <p>Að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir fulltrúa á landsþing og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Um fjölda aðalfulltrúa á landsþingi gildir eftirfarandi:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Sveitarfélag með allt að 1.000 íbúa kýs 1 fulltrúa. 2. Sveitarfélag með 1.001 til 3.000 íbúa kýs 2 fulltrúa. 3. Sveitarfélag með 3.001 til 5.000 íbúa kýs 3 fulltrúa. 4. Sveitarfélag með 5.001 til 10.000 íbúa kýs 4 fulltrúa 5. Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kýs einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum fjórum. <p>Íbúafjöldi samkvæmt þessari grein skal miðaður við 1. janúar á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Notaðar skulu mannfjöldatölur skv. skráningu Hagstofu Íslands. Verði breyting á sveitarfélagaskipan frá 1. janúar fram til sveitarstjórnarkosninga, skal laga íbúafjöldann að þeirri breytingu.</p> <p>Varafulltrúar á landsþingi skulu kosnir jafnmargir og aðalfulltrúar. Kosning fulltrúa fer eftir sömu reglum og gilda um kosningu nefnda skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, annarra en byggðarráðs.</p>	<p>5. gr. Kosning landsþingsfulltrúa</p> <p>Að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir fulltrúa á landsþing og gildir sú kosning fyrir kjörtímabil sveitarstjórnar. Um fjölda aðalfulltrúa á landsþingi gildir eftirfarandi:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Sveitarfélag með allt að 1.000 íbúa kýs 1 fulltrúa. 2. Sveitarfélag með 1.001 til 3.000 íbúa kýs 2 fulltrúa. 3. Sveitarfélag með 3.001 til 5.000 íbúa kýs 3 fulltrúa. 4. Sveitarfélag með 5.001 til 10.000 íbúa kýs 4 fulltrúa 5. Sveitarfélag með fleiri en 10.000 íbúa kýs einn fulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar hinum fjórum. <p>Íbúafjöldi samkvæmt þessari grein skal miðaður við 1. janúar á því ári sem almennar sveitarstjórnarkosningar fara fram. Notaðar skulu mannfjöldatölur skv. skráningu Hagstofu Íslands. Verði breyting á sveitarfélagaskipan frá 1. janúar fram til sveitarstjórnarkosninga, skal laga íbúafjöldann að þeirri breytingu.</p> <p>Varafulltrúar á landsþingi skulu kosnir jafnmargir og aðalfulltrúar. Kosning fulltrúa fer eftir sömu reglum og gilda um kosningu nefnda skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, annarra en byggðarráðs.</p>	<p>Vegna tillögu um breytt fyrirkomulag formannskjörs er lögð til breyting í 5. mgr. 5. gr. Ef sveitarfélag sendir ekki inn kjörbréf fyrir 15. júlí geta landsþingsfulltrúar þess ekki tekið þátt í kosningu formanns.</p>

<p>Kjörgengir sem fulltrúar á landsþingi eru nýkjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum og varamenn þeirra jafnmargir að tölu, hvort sem varamaður í sveitarstjórn hefur verið kjörinn sérstaklega við óbundnar kosningar eða hann fær kjörbréf vegna setu á framboðslista við bundnar hlutfallskosningar.</p> <p>Að kosningu lokinni, í síðasta lagi 1. ágúst, sendir sveitarfélagið skrifstofu sambandsins kjörbréf með nöfnum þeirra sem hafa verið kjörnir fulltrúar og varafulltrúar.</p>	<p>Kjörgengir sem fulltrúar á landsþingi eru nýkjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum og varamenn þeirra jafnmargir að tölu, hvort sem varamaður í sveitarstjórn hefur verið kjörinn sérstaklega við óbundnar kosningar eða hann fær kjörbréf vegna setu á framboðslista við bundnar hlutfallskosningar.</p> <p>Að kosningu lokinni, í síðasta lagi 15. júlí, sendir sveitarfélagið skrifstofu sambandsins kjörbréf með nöfnum þeirra sem hafa verið kjörnir fulltrúar og varafulltrúar.</p>	
<p>6. gr. Dagskrá landsþings</p> <p>Á landsþingi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir eða lögð fram:</p> <ol style="list-style-type: none"> Þingsetning og ræða formanns. Kosning tveggja þingforseta. Kosning tveggja ritara. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. Kosning sex manna kjörnefndar og jafn margra varamanna. Reikningar sambandsins næstliðið reikningsár, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum og samþykktir af stjórn sambandsins og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár. Álit kjörbréfanefndar. Skýrsla um starfsemi sambandsins fyrir næstliðið ár og starfsáætlun sambandsins fyrir yfirstandandi ár. Stefnumótun sambandsins. 	<p>6. gr. Dagskrá landsþings</p> <p>Á landsþingi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir eða lögð fram:</p> <ol style="list-style-type: none"> Þingsetning og ræða formanns. Kosning tveggja þingforseta. Kosning tveggja ritara. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. Kosning sex manna kjörnefndar og jafn margra varamanna. Endurskoðaður ársreikningur lagður fram til kynningar, ásamt fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Álit kjörbréfanefndar. Skýrsla um starfsemi sambandsins fyrir næstliðið ár og starfsáætlun sambandsins fyrir yfirstandandi ár. Stefnumótun sambandsins (stefnumörkun) 	<p>Lagt er til að í 2. mgr. komi inn ákvæði sem sérstaklega snýr að kosningum og stefnumörkunarvinnu á fyrsta landsþingi að loknum sveitarstjórnarkosningum. Af þeirri ástæðu er lagt til að <u>e- og i-liðir 1. mgr. falli brott.</u></p> <p>Einnig er lögð til orðalagsbreyting í f-lið 1. mgr. sem endurspeglar að á landsþingi sambandsins er ekki tekin ákvörðun um samþykkt ársreiknings og fjárhagsáætlunar, heldur er það stjórnin sem staðfestir þau mál.</p>

<p>j. Mál sem sveitarstjórn, samtök sveitarfélaga eða þingfulltrúi óskar eftir að leggja fram.</p> <p>k. Breytingar á samþykktum.</p> <p>Á fyrsta landsþingi eftir almennar sveitarstjórnarkosningar fer fram kosning stjórnar, sbr. 10. gr. Á öðrum landsþingum fer fram kosning aðal- og varamanna í stjórn ef tilefni er til.</p> <p>Tillögur um mál samkvæmt j-lið 1. mgr. þessarar greinar skal senda stjórn sambandsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir landsþing. Heimilt er þó að leggja mál fyrir landsþing með skemmri fyrirvara, ef 2/3 hlutar viðstaddra þingfulltrúa samþykkja.</p> <p>Landsþingið getur kosið nefndir eða vinnuhópa til þess að fjalla um einstök mál sem til meðferðar eru á þinginu.</p> <p>Heimilt er stjórn sambandsins að boða til aukalandsþings með tveggja vikna fyrirvara og skulu þá þau mál tekin fyrir sem stjórnin ákveður.</p>	<p>j. Mál sem sveitarstjórn, samtök sveitarfélaga eða þingfulltrúi óskar eftir að leggja fram.</p> <p>k. Breytingar á samþykktum.</p> <p>Á fyrsta landsþingi eftir almennar sveitarstjórnarkosningar fer fram kosning stjórnar, sbr. 10. gr. og kjörnefndar skv. 9. gr., ásamt því að kynnt er niðurstaða úr kosningu um embætti formanns sambandsins. Á sama þingi skal unnið að útfærslu á stefnumörkun sambandsins til næstu fjögurra ára en stjórn sambandsins annast frekari úrvinnslu stefnumörkunar að loknu landsþingi. Á öðrum landsþingum fer fram kosning aðal- og varamanna í stjórn og kjörnefnd ef tilefni er til.</p> <p>Tillögur um mál samkvæmt j-lið 1. mgr. þessarar greinar skal senda stjórn sambandsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir landsþing. Heimilt er þó að leggja mál fyrir landsþing með skemmri fyrirvara, ef 2/3 hlutar viðstaddra þingfulltrúa samþykkja.</p> <p>Landsþingið getur kosið nefndir eða vinnuhópa til þess að fjalla um einstök mál sem til meðferðar eru á þinginu.</p> <p>Heimilt er stjórn sambandsins að boða til aukalandsþings með tveggja vikna fyrirvara og skulu þá þau mál tekin fyrir sem stjórnin ákveður.</p>	
<p>9. gr. Kjörnefnd.</p> <p>Kjörnefnd sem kosin er á landsþingi, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr., skal koma saman að loknum sveitarstjórnarkosningum til að gera tillögur til</p>	<p>9. gr. Kjörnefnd.</p> <p>Kjörnefnd sem kosin er á landsþingi, sbr. 2. mgr. 6. gr., skal koma saman að loknum sveitarstjórnarkosningum til að gera tillögur til</p>	<p>Hér er gert ráð fyrir því að kjörnefnd sem kosin er fjórum árum áður ljúki kjörtímabili sínu, að loknum sveitarstjórnarkosningum, með gerð tillögu um nýja stjórn. Ný kjörnefnd er síðan kosin á landsþingi að hausti kosningaárs.</p>

<p>landspings um kjör stjórnar og formanns sambandsins, sbr. 10. gr. Kjörnefnd skal einnig kölluð saman milli landsþinga ef aðal- eða varamaður lætur af stjórnarsetu eða missir kjörgengi.</p> <p>Í kjörnefndinni skulu sitja fulltrúar fyrir fimm kjörsvæði, sem eru:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Reykjavík tveir fulltrúar. 2. Suðvesturkjördæmi einn fulltrúi. 3. Norðvesturkjördæmi einn fulltrúi. 4. Norðausturkjördæmi einn fulltrúi. 5. Suðurkjördæmi einn fulltrúi. <p>Kjörgengir í kjörnefnd eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi. Þeir sem taka sæti í kjörnefnd eru ekki kjörgengir til að vera aðal- eða varamenn í stjórn sambandsins. Ef kjörnefndarmaður hyggst sækjast eftir sæti í stjórn verður hann að segja sig úr kjörnefnd áður en nefndin kemur saman til fyrsta fundar til að undirbúa stjórnarkjör á landsþingi.</p>	<p>landspings um kjör stjórnar og formanns sambandsins, sbr. 10. gr. Kjörnefnd skal einnig kölluð saman milli landsþinga ef aðal- eða varamaður lætur af stjórnarsetu eða missir kjörgengi.</p> <p>Í kjörnefndinni skulu sitja fulltrúar fyrir fimm kjörsvæði, sem eru:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Reykjavík tveir fulltrúar. 2. Suðvesturkjördæmi einn fulltrúi. 3. Norðvesturkjördæmi einn fulltrúi. 4. Norðausturkjördæmi einn fulltrúi. 5. Suðurkjördæmi einn fulltrúi. <p>Kjörgengir í kjörnefnd eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi. Þeir sem taka sæti í kjörnefnd eru ekki kjörgengir til að vera aðal- eða varamenn í stjórn sambandsins. Ef kjörnefndarmaður hyggst sækjast eftir sæti í stjórn verður hann að segja sig úr kjörnefnd áður en nefndin kemur saman til fyrsta fundar til að undirbúa stjórnarkjör á landsþingi.</p>	
<p>10. gr.</p>	<p>Ný grein um kosningu formanns</p> <p>Formaður stjórnar sambandsins skal kosinn sérstaklega með beinni, rafrænni kosningu. Um kjörgengi til embættis formanns fer skv. 7. mgr. 11. gr.</p> <p>Framboðsfrestur til formannskjörs rennur út 15. júlí. Kjörnefnd, sbr. 9. gr., hefur eftirlit með framkvæmd atkvæðagreiðslu og gerð kjörskrár, og sker úr um kjörgengi frambjóðenda. Frambjóðendur eiga rétt á að tilnefna</p>	<p>Lögð er til ný grein, sem verður 10. gr., um beina, rafræna, kosningu formanns stjórnar sambandsins. Starfshópurinn leggur til að eingöngu aðalfulltrúar á landsþing sambandsins hafi atkvæðisrétt í formannskjöri og grundvallist kjörskrá á kjörbréfum sem hafa borist frá sveitarfélögum eigi síðar en á viðmiðunardegi kjörskrár, sem verði 15. júlí.</p> <p>Bætt hefur verið inn í 2. mgr. ákvæði um umboðsmenn frambjóðenda.</p>

	<p>umboðsmann til að fylgjast með undirbúningi og framkvæmd kosningar.</p> <p>Rétt til þátttöku í formannskosningu eiga landsþingsfulltrúar og skal rafræn kjörskrá liggja fyrir 20. júlí og vera byggð á kjörbréfum sem hafa borist frá sveitarfélögum fyrir 15. júlí, sbr. 5. gr. Einungis er heimilt að gera leiðréttingar á kjörskrá ef sýnt er fram á að tilkynning hafi verið send eigi síðar en 15. júlí.</p> <p>Kosningin skal hefjast 15. ágúst og standa í tvær vikur. Úrslit skulu kynnt þegar þau liggja fyrir.</p> <p>Láti formaður af störfum kýs stjórn sambandsins nýjan formann úr sínum hópi, til loka kjörtímabils.</p>	<p>Samhljómur var um það í starfshópnum að ef formaður fellur frá eða missir kjörgengi væri eðlilegast að stjórn sambandsins kjósi nýjan formann, eða nýjan varaformann ef varaformaður tekur við formennsku. Flækjustig m.t.t. kjörsvæðaskiptingar myndi t.d. torvelda að endurtaka beina kosningu á miðju kjörtímabili.</p>
<p>10. gr. Kosning stjórnar.</p> <p>Á næsta landsþingi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa 11 aðalmenn í stjórn sambandsins. Tillögur kjörnefndar, sbr. 9. gr., skulu kynntar landsþingsfulltrúum eigi síðar en einum sólarhring áður en kosning fer fram samkvæmt auglýstri dagskrá.</p> <p>Heimilt er að leggja fram breytingartillögur við tillögur kjörnefndar og skulu þær berast þingforsetum eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en kosning fer fram.</p> <p>Fjöldi stjórnarmanna skiptist þannig eftir kjörsvæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Þrír úr Reykjavík. 2. Tveir úr suðvesturkjördæmi. 3. Tveir úr norðvesturkjördæmi. 4. Tveir úr norðausturkjördæmi. 5. Tveir úr suðurkjördæmi. <p>Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti.</p>	<p>10. gr. (verður 11. gr.) Kosning stjórnar.</p> <p>Á næsta landsþingi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa 10 aðalmenn í stjórn sambandsins en formaður stjórnar er kosinn beinni kosningu skv. 10. gr. Einnig skulu kosnir ellefu varamenn. Tilttekinn varamaður skal kjörinn fyrir hvern aðalmann í stjórn og tekur hann sæti í stjórninni í tímabundnum forföllum aðalmanns.</p> <p>Við stjórnarkjör skal þess sérstaklega gætt að fjöldi kvenna og karla í hópi aðalmanna og varamanna sé í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu kvenna og karla. Kjörnefnd skal jafnframt gæta þess í tillögum sínum að skipan stjórnar eftir fremsta megni endurspegla að sveitarfélögin eru ólík að stærð, gerð og staðsetningu.</p> <p>Tillögur kjörnefndar, sbr. 9. gr., um skipun stjórnar skulu kynntar landsþingsfulltrúum eigi síðar en viku fyrir setningu landsþings samkvæmt auglýstri dagskrá.</p> <p>Heimilt er að leggja fram breytingartillögur við tillögu kjörnefndar og skulu þær berast</p>	<p>Markmið tillögu um breytingar á 10. gr. er einkum að taka mið af tillögu um breytt fyrirkomulag formannskjörs ásamt því að skerpa á kröfum til breytingartillagna. Byggt er á tillögum fyrri starfshóps eftir því sem tilefni er til.</p> <p>Gert er ráð fyrir því að kjörnefnd ljúki gerð tillögu um stjórnarkjör þegar niðurstaða formannskjörs liggur fyrir, enda hefur niðurstaða formannskjörs áhrif á skiptingu stjórnarsæta eftir kjörsvæðum.</p> <p>Bætt er við ákvæði um að kjörnefnd skuli gæta þess í tillögum sínum að skipan stjórnar skuli eftir fremsta megni endurspegla að sveitarfélögin eru ólík að stærð, gerð og staðsetningu.</p> <p>Endanleg tillaga kjörnefndar verði kynnt landsþingsfulltrúum eigi síðar en viku fyrir setningu landsþings, til að gefa aukið svigrúm til að undirbúa breytingartillögur. Kjörnefnd gerir síðan nánari grein fyrir tillögunni á landsþingi, samkvæmt venju.</p>

<p>Formaður stjórnar sambandsins skal kosinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum, m.a með kosningu varaformanns. Láti formaður af störfum kýs landsþing formann í hans stað á næsta fundi sínum.</p> <p>Tiltekinn varamaður skal kjörinn fyrir hvern aðalmann í stjórn og tekur hann sæti í stjórninni í tímabundnum forföllum aðalmanns.</p> <p>Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi.</p> <p>Missi stjórnarmaður umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., tekur varamaður sæti hans til næsta landsþings sem kýs nýjan aðalmann í hans stað. Missi varamaður í stjórn umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., skal næsta landsþing kjósa mann í hans stað.</p>	<p>þingforsetum í upphafi landsþings. Aðeins er tekið við breytingartillögum sem uppfylla ákvæði þessarar greinar um fjölda aðal- og varamanna, skiptingu þeirra eftir kjörsvæðum og hlutfall kvenna og karla.</p> <p>Fjöldi stjórnarmanna skiptist þannig eftir kjörsvæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 6. Þrír úr Reykjavík. 7. Tveir úr suðvesturkjördæmi. 8. Tveir úr norðvesturkjördæmi. 9. Tveir úr norðausturkjördæmi. 10. Tveir úr suðurkjördæmi. <p>Ellefu varamenn skulu kosnir. Við stjórnarkjör skal þess sérstaklega gætt að fjöldi kvenna og karla í hópi aðalmanna og varamanna sé í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu kvenna og karla.</p> <p>Formaður stjórnar sambandsins skal kosinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir Stjórnin skiptir með sér verkum, m.a með kosningu varaformanns. Láti formaður af störfum kýs landsþing formann í hans stað á næsta fundi sínum.</p> <p>Tiltekinn varamaður skal kjörinn fyrir hvern aðalmann í stjórn og tekur hann sæti í stjórninni í tímabundnum forföllum aðalmanns.</p> <p>Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi.</p> <p>Missi stjórnarmaður umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., eða hann lætur af störfum af öðrum ástæðum, tekur varamaður sæti hans til næsta landsþings sem kýs nýjan aðalmann í hans stað. Missi varamaður í stjórn umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr.,</p>	<p>Lögð er einnig til sú breyting að breytingartillögur verði að uppfylla sömu kröfur og tillögur kjörnefndar, sbr. 3. mgr. 10. gr., annars er þeim vísað frá. Gert er ráð fyrir að kjörnefnd geri grein fyrir framkomnum breytingartillögum við upphaf landsþings.</p> <p>Til viðbótar er lögð til sú breyting að eingöngu kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum verði kjörgengir í stjórn.</p>
--	--	---

	eða lætur af störfum af öðrum ástæðum, skal næsta landsþing kjósa varamann í hans stað. Kjörnefnd skv. 9. gr. skal koma tímanlega saman fyrir landsþing þegar tilefni er til og gera tillögur um breytingar á stjórn sem kynntar eru eigi síðar en viku fyrir setningu landsþings. Um breytingartillögur við tillögur kjörnefndar fer skv. 3. mgr. þessarar greinar, eftir því sem við á.	
<p>11. gr. Kjörtímabil stjórnar, landsþingsfulltrúa.</p> <p>Kjör til setu á landsþingi sambandsins og í stjórn þess gildir þar til landsþing er næst háð eftir almennar sveitarstjórnarkosningar. Fellur umboð fráfarandi stjórnar niður að aflokinni kosningu á landsþingi, sbr. 9. og 10. gr. Umboð til setu á landsþingi (sem aðal- eða varafulltrúi) eða í stjórn sambandsins fellur þó niður veiti sveitarstjórn hlutaðeigandi lausn frá störfum í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.</p>	<p>11. gr. (verður 12. gr.) Kjörtímabil stjórnar, landsþingsfulltrúa.</p> <p>Kjör til setu á landsþingi sambandsins og í stjórn og kjörnefnd gildir þar til landsþing er næst háð eftir almennar sveitarstjórnarkosningar. Fellur umboð fráfarandi stjórnar og kjörnefndar niður að aflokinni kosningu á landsþingi, sbr. 9. og 10. gr. Umboð til setu á landsþingi (sem aðal- eða varafulltrúi) eða í stjórn sambandsins fellur þó niður veiti sveitarstjórn hlutaðeigandi lausn frá störfum í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.</p>	Bætt er við að greinin gildi einnig um kjörnefnd, sbr. breytingu sem lögð er til á 6. gr. samþykktanna.
<p>12. gr. Missir kjörgengis og leyfi frá trúnaðarstörfum.</p> <p>Umboð þeirra sem kjörnir hafa verið sem aðalmenn eða varamenn á landsþing fellur niður ef viðkomandi lætur af setu í sveitarstjórn.</p> <p>Umboð aðal- og varamanna í stjórn sambandsins fellur niður ef þeir láta af starfi sem aðal- eða varamaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags.</p> <p>Ákvæði þetta tekur ekki til framangreindra aðila sem missa umboð sitt við almennar sveitarstjórnarkosningar. Umboð þeirra fellur niður er landsþing hefur kosið nýja stjórn.</p> <p>Stjórnarmenn, nefndarmenn og landsþingsfulltrúar, sem eru í tímabundnu leyfi frá störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, svo</p>	<p>12. gr. (verður 13. gr.) Missir kjörgengis og leyfi frá trúnaðarstörfum.</p> <p>Umboð þeirra sem kjörnir hafa verið sem aðalmenn eða varamenn á landsþing fellur niður ef viðkomandi lætur af setu í sveitarstjórn.</p> <p>Umboð aðal- og varamanna í stjórn sambandsins fellur niður ef þeir láta af starfi sem aðal- eða varamaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags.</p> <p>Ákvæði þetta 1. og 2. mgr. taka ekki til framangreindra aðila sem missa umboð sitt við almennar sveitarstjórnarkosningar. Umboð þeirra fellur niður er landsþing hefur kosið nýja stjórn.</p> <p>Umboð aðal- og varamanna í stjórn sambandsins fellur niður til loka kjörtímabils stjórnar ef þeir taka</p>	<p>Lögð er til óveruleg breyting í 3. mgr. til að auka skýrleika greinarinnar.</p> <p>Yfirstrikuð er tillaga fyrri starfshóps um missi kjörgengis ef stjórnarmaður tekur sæti á Alþingi eða er skipaður ráðherra. Starfshópurinn hefur rætt þessa tillögu ítarlega og ákveðið að leggja hana ekki fram.</p> <p>Til viðbótar eru lagðar til orðalagsbreytingar sem leiða af tillögu í 11.gr. (núg. 10. gr.) að eingöngu kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum verði kjörgengir í stjórn.</p>

<p>sem vegna fæðingarorlofs, eru jafnframt í leyfi frá trúnaðarstörfum sem þeir hafa verið kjörnir til samkvæmt samþykktum þessum.</p>	<p>sæti á Alþingi sem aðalmenn eða eru skipaðir ráðherrar. Stjórnarmenn sem taka sæti á Alþingi sem varamenn vilkja sæti í stjórn sambandsins á meðan þeir sitja á Alþingi.</p> <p>Stjórnarmenn, nefndarmenn og landsþingsfulltrúar, sem eru í tímabundnu leyfi frá störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, svo sem vegna fæðingarorlofs, eru jafnframt í leyfi frá trúnaðarstörfum sem þeir hafa verið kjörnir til samkvæmt samþykktum þessum.</p>	
	<p>Ný 15. gr. Verkefni formanns. Formaður stýrir fundum stjórnar sambandsins og ákveður dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra. Hann ákveður, í samráði við framkvæmdastjóra, hvort tilefni er til að boða stjórn sambandsins til aukafunda.</p> <p>Formaður á fast sæti í samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, sbr. 128. gr. sveitarstjórnarlaga. Hann kemur fram til að gæta hagsmuna sambandsins og sveitarstjórnarstigsins í heild jafnt innan lands sem utan og er talsmaður þess út á við ásamt framkvæmdastjóra.</p> <p>Varaformaður sinnir skyldum formanns í forföllum hans.</p>	
	<p>Röð annarra greina breytist samsvarandi (14. gr. verður 16. gr. og 15. gr. 17. gr.</p>	